

Nd.

580. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um skipun barnakennara og laun þeirra.

Frá samvinnunefnd launamála.

1. Við 1. gr. b.

Á eftir »kennaraprófi« komi:

eða verið kennari við fastaskóla eða farskóla minst 5 ár.

2. Við 2. gr.

Greinin orðist þannig:

Þegar kennarastaða er laus skal stjórnarráðið anglýsa hana til umsóknar í því blaði, sem flytur stjórnarauglýsingar, og í málgagni kennara með umsóknarfresti, sem ekki má vera skemmri en 3 mánuðir. Að umsóknarfresti liðnum veitir stjórnarráðið stöðuna, eftir að það hefir leitað meðmæla hlutaðeigandi skólanefndar eða fræðslunefndar og umsagnar fræðslumálastjóra.

3. Við 3. gr.

Í staðinn fyrir: »formanni skólanefndar eða fræðslunefndar« komi: stjórnarráðinu.

4. Við 4. gr.

a. Í staðinn fyrir: »sem kennaraprófi hefir lokið« komi: sem fullnægi skilyrðinu í 1. gr., í staði b.

b. Í stað: »skólanefnd eða fræðslunefnd« komi: stjórnarráðið.

c. Í staðinn fyrir orðið: »hún« komi: það.

- d. Í staðinn fyrir: »nefndin« komi:
stjórnarráðið.
- e. Síðasti málsliðurinn falli burt.
5. Við 5. gr.
a. Fyrir: »frá 1. okt. eða 1. jan.« komi:
frá þeim tíma, er ákveðið er á hverjum stað að kensla skuli byrja.
b. Síðari málsgrein falli burt.
6. Við 6. gr.
Greinin orðist þannig:
Nú vill kennari losna við stöðu sína, og ber honum þá að tilkynna það stjórnarráðinu með ekki minna en 4 mánaða fyrirvara.
7. Við 7. gr.
a. Á eftir orðunum: »alúð og samviskusemi« komi:
samkvæmt því, er nánar verður tekið fram í erindisbrjefi, er fræðslumála-
stjórnin gefur þeim.
b. Þrjár síðustu málsgreinarnar falli burt.
8. Við 8. gr.
Í staðinn fyrir »ber skólanefnd — stjórnarráðsins« komi:
skólanefndar eða fræðslunefndar ber henni að tilkynna það stjórnarráðinu,
og vikur það honum þá, ef ástæður þykja til, úr stöðunni, annaðhvort um
stundarsakir eða til fullnustu.
9. Við 9. gr.
Orðin í síðustu málsgrein: »og húsnæði — í peningum« falli burt.
10. Við 13. gr.
a. Á eftir orðinu: »dýrtíðaruppbótar« í fyrsta málslið komi:
úr ríkissjóði.
b. Síðari málsliðurinn falli burt.
11. Við 13. gr.
Á eftir henni komi svo hljóðandi ný grein, sem verður 14. gr.:
Verði sú breyting gerð á fræðslu- eða skólahjeruðum eða fræðslu-
málunum yfirleitt, sem gerir stöðu kennarans óþarfa, skal bann eftir löglega
uppsögn láta af henni endurgjaldslaust.
12. 14. gr. verður 15. gr. o. s. frv.
13. Við 16. gr. (sem verður 17. gr.)
a. Í staðinn fyrir: »1. okt. 1919« komi:
1. júní 1920. Og skulu þá allir, sem framvegis vilja vera kennarar, senda
umsóknir um stöðurnar til stjórnarráðsins.
b. Á eftir þeirri grein komi:

Ákvæði um stundarsakir.

Þeir kennarar, sem ráðnir eru af skólanefnd eða fræðslunefnd til kenslu veturinn 1919—1920, skulu njóta þeirra launa og dýrtíðaruppbótar, sem til eru tekin í lögum þessum.